

Reykjavík, 3.2.2026

Til borgarstjóra og borgaryfirvalda í Reykjavík.

Bréf þetta er sent á eftirfarandi aðila:

Heiða Björg Hilmisdóttir (borgarstjóri), Helga Þórðardóttir (formaður Skóla- og frístundaráðs), Líf Magneudóttir (formaður stýrihóps um leikskólaleiðina/Reykjavíkurleiðina), Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, fagstjórar leikskóla í Reykjavík og Ólafur Brynjar Bjarkason skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskóla í Reykjavík.

Leikskólastjórnendur í Reykjavík lýsa yfir áhyggjum af aðgerðarleysi borgaryfirvalda gagnvart langvarandi og vel þekktum vanda í starfsumhverfi leikskóla borgarinnar. Afleiðingarnar eru alvarlegar og undirritaðir stjórnendur hafa verulegar áhyggjur af stöðu leikskólanna í Reykjavík.

Þrátt fyrir vel kynntar og tímasettar tillögur (svokölluð Reykjavíkurleið) og samráð við foreldra og hagsmunaaðila hefur ekkert gerst í því að bæta starfsumhverfi í leikskólum borgarinnar eftir innleiðingu á styttri vinnuviku. Til stóð að ákveðnum aðgerðum yrði hrint í framkvæmd um áramótin 2025/2026.

Á leikskólastjórafundinum 4. desember 2025 bárust þær upplýsingar að tillögurnar myndu ekki taka gildi um áramót eins og áður hafði verið kynnt. Þessar fregnir voru mikil vonbrigði. Að auki jókst von- og trúleysi undirritaðra verulega. Okkur verður sífellt ljósara að skortur er á raunverulegum skilningi á nauðsyn þess að bæta starfsumhverfi í leikskólum Reykjavíkurborgar. Þær umbætur eru óaðskiljanleg forsenda þess að tryggja börnum faglegt, vandað og ekki síður öruggt námsumhverfi. Með hverjum deginum sem líður aukast efasemdir okkar um hvort borgaryfirvöld hyggist axla þá ábyrgð sem af því leiðir að ráðast ekki í nauðsynlegar aðgerðir.

Þetta dregur með óyggjandi hætti fram skort á pólitískri ábyrgð gagnvart fyrsta skólastiginu. Mikilvægi leikskólastarfs sem grunnþjónustu verður þó vart dregið í efa. Það virðist stundum henta borgaryfirvöldum að vísa til mikilvægi leikskólastarfsins þegar orðræða eða stefnumörkun krefst þess. Þegar kemur að raunverulegum aðgerðum, til að bæta starfsumhverfi og tryggja að hæft og faglegt starfsfólk komi til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar, er annað uppi á teningnum. Borgaryfirvöld geta ekki bæði lýst leikskólastarfi sem burðarstoð samfélagsins og um leið látið það sitja á hakanum þegar kemur að aðgerðum.

Afleiðingarnar eru þegar orðnar sýnilegar. Við höfum horft upp á reynslumikla og metnaðarfulla leikskólastjóra, kennara og leiðbeinendur hverfa til annarra sveitarfélaga þar sem brugðist hefur verið hraðar og af meiri festu við áskorunum tengdum styttri vinnuviku. Á meðan Reykjavíkurborg dregur lappirnar í nauðsynlegum aðgerðum blasir við sú tilfinning að mikilvægi leikskólastarfs sé aðeins viðurkennt þegar það hentar pólitískri orðræðu, en víki til hliðar þegar raunveruleg ábyrgð og fjárfestingar er krafist.

Til að engum dyljist alvara málsins hafa leikskólastjórnendur í Reykjavík staðið frammi fyrir óraunhæfum kröfum í rekstri skólanna um langt skeið. Við göngum út frá því að kjörnir fulltrúar leggi sig fram við að þekkja og skilja kerfið okkar. Af því leiðir ætti ekki að koma á óvart að stytting vinnuvikunnar hefur verið eitt stærsta vandamál í rekstri leikskóla síðan innleiðing styttingarinnar hófst. Starfsmaður í 100% starfi vinnur 36 klukkustundir á viku en viðvera barna í leikskólum borgarinnar getur orðið 42,5 klst á viku. Leikskólastjórar hafa ekki heimild til þess að ráða inn auka stöðugildi til þess að mæta þeim mun sem er á viðveru starfsfólks og barna. Þetta er einfalt dæmi sem hver einstaklingur sér að gengur ekki upp.

Þetta er og hefur verið viðvarandi ástand og hefur skilað okkur óviðunandi starfsumhverfi og ábyrgð sem ekki er lengur verjandi. Þetta er ekki lengur spurning um þolinmæði, samráð eða skilning á flóknu kerfi Reykjavíkurborgar. Þetta er spurning um pólitíska ábyrgð.

Leikskólastjórnendur í Reykjavík eru fullmeðvitaðir um að sveitarstjórnarkosningar eru framundan og að aðgerðarleysi síðustu mánaða kann að mótast af pólitískri varfærni og ótta við óvinsælar ákvarðanir. Sú nálgun er skammsýn og óábyrg. Vandinn í leikskólum Reykjavíkurborgar hverfur ekki. Hann **magnast frekar** og mun óhjákvæmilega lenda á þeim sem taka við stjórn borgarinnar í kjölfar kosninganna. Pólitísk forysta verður að gera sér grein fyrir því að ábyrgðinni verður ekki skotið á frest með þögn eða aðgerðaleysi. Borgaryfirvöld bera fulla ábyrgð á stöðunni og á því að grípa til aðgerða nú, óháð tímasetningu kosninga.

Þetta er ekki ábending, þetta er krafa um aðgerðir. Þolinmæði leikskólastjórnenda er á þrotum. Í góðri trú höfum við beðið og vænst úrbóta mun lengur en sanngjarnt getur talist. Um er að ræða nauðsynlegar breytingar fyrir þróun á faglegu og metnaðarfullu leikskólastarfi í Reykjavík. Við, leikskólastjórnendur, krefjumst þess að borgarstjóri og borgaryfirvöld Reykjavíkurborgar grípi tafarlaust til aðgerða. Við förum fram á tímasetta aðgerðaráætlun, sem staðið verður við, fyrir lok febrúarmánaðar 2026. Verði það ekki gert treysta leikskólastjórnendur sér ekki til að bera ábyrgð á þeirri stöðu sem uppi er.

Nú reynir af fullri alvöru á forystu, ábyrgð og raunverulegan vilja til aðgerða.

Bréfið styðja 63 leikskólastjórar, þ.e. leikskólastjórar úr hverjum einasta starfandi borgarrekna leikskóla í Reykjavík.

Virðingarfyllt,

1. Linda Rún Traustadóttir – Borg
2. Hulda Karen Eyjólfadóttir – Seljakot
3. Ásta Kristín Svavarsdóttir – Jöklaborg
4. Sólrún Óskarsdóttir - Brákarborg
5. Agnes Jónsdóttir – Funaborg
6. Bergsteinn Þór Jónsson – Steinahlíð
7. Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir - Holt
8. Ragna Kristín Gunnarsdóttir – Ævintýraborg Vogabyggð
9. Anna Björk Marteinsdóttir – Klambrar

10. Helena Jónsdóttir – Klettaborg
11. Margrét Gígja Þórðardóttir – Sólborg
12. Inga Birna Sigurðardóttir – Hulduheimar
13. Halldóra Sigtryggsdóttir – Ösp
14. Hafdís Svansdóttir – Sæborg
15. Guðrún Rut Bjartmarsdóttir – Laufskálar
16. Unnur Hermannsdóttir – Rauðaborg
17. Elín Freyja Eggertsdóttir – Bakkaborg
18. Ellen Gísladóttir skólastjóri og Hanna Sóley Helgadóttir leikskólastjóri – Ártúnsskóli
19. Sólveig Björg Pálsdóttir – Laugasól
20. Sigrún Grétarsdóttir – Hólaborg
21. Rakel Ólafsdóttir – Bjartahlíð
22. Sólveig Þórarinsdóttir – Dalskóli/leikskólahluti
23. Anna Margrét Ólafsdóttir – Nóaborg
24. Vessela Stoyanova Dukova – Jörfi
25. Ösp Jónsdóttir – Miðborg
26. Harpa Ingvadóttir – Vinagerði
27. Sigríður Fanney Pálsdóttir – Hraunborg
28. Anna Rún Gylfadóttir – Suðurborg
29. Erna Guðlaugsdóttir – Hagaborg (Grandaborg)
30. Bryndís Björk Eyþórsdóttir – Hálsaskógur
31. Elín Björk Einarsdóttir – Árborg
32. Guðrún Gunnarsdóttir – Kvistaborg
33. Hulda Ásgeirsdóttir – Tjörn
34. Jóhanna Benný Hannesdóttir – Heiðarborg
35. Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir – Blásalir
36. Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir – Hamrar
37. Ásmundur Kristberg Örnólfsson – Ægisborg
38. Kristín Sigríður Evertsdóttir – Berg
39. Melkorka Kjartansdóttir – Sunnufold
40. Helga Arnfjörð Sigurðardóttir – Fífuborg
41. Elín Júlíana Sveinsdóttir – Reynisholt
42. Halldóra Guðmundsdóttir – Drafnarsteinn
43. Anna Blöndal – Ungbarnaleikskólarnir við Bríetartún og Hallgerðargötu
44. Guðrún Sólveig Vignisdóttir – Rauðhóll
45. Anna Metta Norðdahl – Ævintýraborg við Nauthólsveg
46. Þóra Jóna Jónatansdóttir - Geislabaugur
47. Ísleifur Örn Garðarsson – Austurborg
48. Særún Ármannsdóttir – Hof
49. Erna Agnes Sigurgeirsdóttir – Maríuborg
50. Kristín Helgadóttir – Lyngheimar
51. Kristín Auður Harðardóttir – Brekkuborg
52. Kristín Petrína Pétursdóttir – Ævintýraborg við Eggertsgötu

53. Deep Shika – Vesturborg
54. Pála Pálsdóttir – Múlaborg
55. Rannveig Anna Ólafsdóttir – Gullborg
56. Sigrún Bragadóttir – Langholt
57. Agnes Ólafsdóttir – Sunnuás
58. Guðlaug Kristinsdóttir – Rofaborg
59. Steinunn Huld Gunnarsdóttir – Stakkaborg
60. Gerður Sif Hauksdóttir – Grænaborg
61. Anna Magnúsdóttir – Engjaborg
62. Ingibjörg Brynjarsdóttir – Furuskógur
63. Anna Hjördís Ágústsdóttir – Álftaborg